

**Ed.**

**432. Nefndarálit**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 26, 20. okt. 1905, um váttrygging sveitabæja og annara húsa í sveitum, utan kauptúna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og borið það nákvæmlega saman við löginn.

Breytingar þær á lögnum, er farið er fram á í frumvarpinu, eru þessar:

1. að brunabótasjóðir í sveitum bæti brunaskaða með  $\frac{5}{6}$  í staðinn fyrir  $\frac{2}{3}$ .
2. að tryggja megi í öðru áreiðanlegu brunabótafjlagi, hvort heldur innlendu eða útlendu.
3. að oddviti sveitarstjórnar hafi alla stjórn sjóðsins á hendi í stað sveitarstjórnar, en henni sje þó heimilt að fela öðrum úr sveitarstjórninni þessi störf.

Vegna þessarar  $\frac{1}{6}$  hluta hækkunar á brunabótum athugaði nefndin sjer-staklega, hvort hinn sameiginlegi brunabótasjóður væri þá nægilega tryggður, og til þess að fá eitthvað til að byggja á í þessu efni, fjekk nefndin skýrslu hjá hagstofu Íslands um endurtryggingariðgjöld, vexti af eign, greiddar brunabætur og eign hins sameiginlega brunabótasjóðs í hver árslok nú í 7 ár, eða frá 1910 til 1916, og á þeirri skýrslu sjest, að borguð iðgjöld hafa numið kr. 17110,06, vextir kr. 5548,60, greiddar brunabætur kr. 2857,98 og sjóður í árslok 1916 kr. 39353,57.

Þetta, að brunabótagjöldin samtals þessi 7 ár nema ekki meiru en sem nemur hálfum vöxtunum, bendir á að tryggingin sje góð, jafnvel þó útborgaðar brunabætur verði hækkaðar um  $\frac{1}{6}$ .

Að þessu yfirveguðu varð nefndin sammála um að ráða hinni háttv. efri deild til þess að samþykkja frumvarp þetta óbreytt.

Alþingi, 11. ágúst 1917.

Hjörtur Snorrason,  
formaður.

Guðjón Guðlaugsson,  
skrifari og framsm.

Guðm. Ólafsson.